

Sp.

394. Þingsályktun

um útreikning á framleiðslutekjum þjóðarinnar.

(Afgreidd frá Sp. 5. okt.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta reikna út tekjur þjóðarinnar af vöruframleiðslu ár hvert á þann hátt, sem greinir í þessari ályktun.

Telja skal saman verðmæti allra landbúnaðarvara og sjávarafurða, sem notaðar eru af framleiðendum sjálfum og seldar innan lands og úr landi, einnig framleiðsluverðmæti þeirra iðnaðarfyrirtækja, sem vinna vörur eingöngu eða aðallega úr afurðum frá landbúnaði og sjávarútvegi, og fyrirtækja, sem framleiða veiðarfæri og vöruumbúðir.

Útflutningsvörur reiknast með verði þeirra á skipsfjöl á útflutningshöfn. Vörur, seldar innan lands, reiknast með söluverði. Framleiðsluvörur til eigin nota framleiðenda skal reikna til verðs með hliðsjón af markaðsverði, eftir nánari ákvörðun ráðherra.

Verð fyrir aðkeyptar vörur til framleiðslunnar, svo sem áburð, sáðvörur, fóðurvörur, kol, oliur, salt, veiðarfæri, beitu, efnivörur til iðnaðar, vöruumbúðir o. þ. h., skal draga frá tekjunum. Birgðir af þessum vörum í eigu framleiðenda í ársbyrjun skal telja með keyptum vörum á árinu, en eftirstöðvar í árslok til frádráttar.

Jafnframt skal gera yfirlit um stofnfé framleiðslunnar ár hvert, þ. e. verðmæti lands, bygginga, bústofns, skipa, véla, verkfæra o. þ. h., sem notað er við framleiðsluna, eftir matsverði þessara eigna til skatts. Hæfilegt fyrningargjald af þessum eignum skal draga frá framleiðslutekjunum.

Í fyrsta sinn skal gera yfirlit um framleiðslutekjur þjóðarinnar árið 1943 eftir ályktun þessari. Sé því, ásamt yfirliti um tekjurnar árið 1944, lokið eigi síðar en í septembermánuði 1945. Síðan skal útreikningi teknanna lokið eigi síðar en í septembermánuði ár hvert fyrir næstliðið ár.

Kostnað, sem verða kann af framkvæmd þessarar þingsályktunartillögu, er heimilt að greiða úr ríkissjóði.